

Nd.

267. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 15, 14. júní 1929 [*Útflutningsgjald af sild*].

Flutningsm.: Jóhann P. Jósefsson.

1. gr.

Í stað orðanna »Af hverri sildartunnu kr. 1,50« komi: Af 170 þúsund tunnum verkaðrar sildar, sem út eru fluttar ár hvert, skal greiða í ríkis-

sjóð kr. 1,50 af hverri tunnu, 108—120 lítra, af því, sem þar fer fram yfir, skal gjaldið vera 1½% af verði sildarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú ívilnun á útflutningsgjaldi á sild, sem hér er farið fram á, ætti ekki að rýra tekjur ríkissjóðs frá því, sem nú er og verið hefir hin síðustu ár.

Hinsvegar er gert ráð fyrir, að þessi breyting gæti orðið hvöt til þess að reyna sölu á aukinni framleiðslu á nýjum mörkuðum.

Þó að sú tilraun, sem gerð var síðastliðið ár með sölu á sild til Rússlands, þyki að visu ekki hafa tekizt sem bezt, má gera ráð fyrir, að í því landi, og sennilega víðar, megi fá mikið aukinn markað fyrir þessa vöru. Þar sem um það er að ræða að fá fótfestu fyrir sölu sildarinnar á þeim markaði, er hingað til hefir verið oss lokaður, má við því búast, að slá verði af verðkröfum fyrst um sinn, meðan íslensk sild er óþekkt á þessum stöðum.

Mælir öll sanngirni með því, að hið opinbera létti undir með tilraunum til að finna nýja markaði, að minnsta kosti með því að slaka nokkuð til í skattkröfum á sem svarar þeim hluta sildarinnar, sem selja verður við lágu verði af framangreindum ástæðum. Það skal tekið fram, að þetta frv. snertir á engan hátt hin sérstöku gjöld, sem greiða ber af sildinni samkv. öðrum lögum (fiskiveiðasjóðsgjald og flugmálasjóðsgjald).

Með því að lækkun hins háa útflutningsgjalds á nokkrum hluta sildarinnar yrði hvöt til þess að framleiða meira en nú er, með sölu á nýjum stöðum fyrir augum, má gera ráð fyrir, að frv. yrði til þess að auka tekjur ríkissjóðs af útfluttri sild, um leið og aðstaða sildarútvegsmanna yrði að þessu leyti bætt að miklum mun.

Sú aðferð til að létta á útflutningsgjaldinu, sem hér er gert ráð fyrir, er að visu miðuð við það sérstaka ástand, sem nú er á útflutningnum, einkasölufyrirkomulagið eða annað samskonar skipulag; yrði horfið frá því, mundi verða að setja aðrar og ákveðnari reglur um það, hvar lækkunin skyldi niður koma.